

148. löggjafarþing 2017–2018.
Þingskjal 52 — 4. mál.
2. umræða.

Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mannvirki, nr. 160/2010,
með síðari breytingum (faggilding, frestur).

Frá umhverfis- og samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hafstein Pálsson og William Frey Huntington-Williams frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Inspectionem ehf.

Með frumvarpinu er lögð til sú breyting á 2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um mannvirki, nr. 169/2010, að frestur Mannvirkjastofnunar og byggingarfulltrúa til að afla sér faggildingar í samræmi við ákvæði 19. gr. laganna verði framlengdur. Er þannig brugðist við athugasemdum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags byggingarfulltrúa sem hafa bent á nauðsyn framlengingarinnar í ljósi þess að undirbúningur embætta byggingarfulltrúa til að afla sér faggildingar er skammt á veg kominn og alvarleg staða mundi skapast fyrir byggingariðnað og stjórnsýslu byggingarmála vegna skorts á lögbærum aðilum til að annast verkefni sem krefjast faggildingar, verði fresturinn ekki framlengdur.

Nefndin leggur áherslu á að um bráðabirgðalausn er að ræða og gengur út frá þeirri forsendu að ekki muni koma til frekari framlenginga en þeirra sem lagðar eru til í frumvarpinu. Þess í stað verði kappkostað að tryggja grundvöll þeirra breytinga sem felast í faggildingarkröfunum, sbr. 19.–20. gr. laganna, og að undirbúningi að breyttu fyrirkomulagi verði lokið áður en hinir framlengdu frestir renna út.

Að framangreindu virtu leggur nefndin til að málið verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 18. desember 2017.

Bergþór Ólason,
form., frsm.

Ari Trausti Guðmundsson.

Hanna Katrín Friðriksson.

Helga Vala Helgadóttir.

Jón Gunnarsson.

Karl Gauti Hjaltason.

Líneik Anna Sævarsdóttir.

Rósa Björk Brynjólfsdóttir.

Vilhjálmur Árnason.